

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

331. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 03.02.2014, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Ómar Stefánsson og Hafsteinn Pálsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. **Gas- og jarðgerðarstöð**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 31. janúar 2014 er varðar „Gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi“.
Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að kynna gróft kostnaðarmat fyrir stjórn SSH. Fulltrúi Mosfellsbæjar leggur áherslu á að ekki skuli draga úr áður gerðum áætlunum um lyktarvarnir við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.
2. **Bréf ASÍ vegna gjaldskrárbreytinga um áramót.**
Lagt fram bréf frá ASÍ dagsett 13. janúar 2014 er varðar verðhækkun á gjaldskrá SORPU bs þann 1. janúar 2014. Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 31.1.2014 er varðar „Erindi ASÍ vegna gjaldskrárhækkunar um síðustu áramót“.
3. **Umsögn SORPU bs. um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.**
Lagt fram bréf til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 9. janúar 2014, þar sem fram kemur umsögn SORPU bs á breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs nr.55/2003
4. **Bréf ÓK lögmanna frá 14.01.2014**
Lagt fram bréf ÓK lögmanna dagsett 14. janúar 2014 sent f.h. Íslenska gámafélagsins ehf. þar sem ÍG óskar eftir aðgangi að samþykktu tilboði og fylgigögnum tilboðs vegna viðtöku spilliefna á endurvinnslustöðvum SORPU bs.2014-2018. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svar erindinu.
5. **Niðurstöður árlegrar húsasorpsrannsóknar SORPU bs.**
Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður húsasorpsrannsóknar SORPU bs.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 3.mars 2014 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.05.

Fundarritari Sigríður B.Einarsdóttir.

Ómar Stefánsson
Karl Sigurðsson
Bjarni Torfi Álfþórsson
Margrét Gauja Magnúsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Björn H. Halldórsson
Bjarni G. P. Hjarðar